

58 STADFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir „Lótussjóð Íslands-
16. júní deildar Guðspekifjelagsins“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms-
og kirkjumálaráðherra 16. júní 1925. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

„Lótussjóð Íslandsdeildar Guðspekifjelagsins“.

1. gr.

Stofnfje sjóðsins eru gjafir innan Íslandsdeildar Guðspekifjelagsins til minningar um andaða menn og er upphæð sjóðsins nú 842 kr. 12 au.

2. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða og skal leggja við hann árlega allar minningargjafir um andaða menn, sem gefnar eru í sjóðinn á því ári. Ennfremur skal við höfuðstólinn leggja helming allra vaxta meðan þeir nema ekki fullum 1000 kr. á ári, en þaðan í frá legst aðeins einn tíundi hluti vaxtanna við höfuðstólinn en níu tíundu hlutar útborgast.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands.

4. gr.

Sá hluti vaxtanna, er útborgast árlega samkvæmt 2. gr., greiðist forseta Íslandsdeildar Guðspekifjelagsins, er hefir á hendi stjórn sjóðsins og varðveitir eignir hans. Hann skal árlega semja reikning sjóðsins, er endurskoðunarmenn fjelagsdeildarinnar endurskoða, og skal reikningurinn úrskurðaður á aðalfundi deildarinnar ár hvert.

5. gr.

Forseti Íslandsdeildar Guðspekifjelagsins ákveður árlega, hvernig verja skuli þeim hluta vaxtanna, er útborgast úr Söfnunarsjóði samkvæmt 2. gr.,

nema aðalfundur deildarinnar hafi ákveðið öðruvísi. Heimilt er aðalfundi eða forseta að ákveða, að vextirnir fyrir eitt ár í senn skuli renna í hinn almenna deildarsjóð. 58
16. júní

6. gr.

Nú hættir Íslandsdeild Guðspekifjelagsins að starfa um stundarsakir og skulu þá allir vextirnir leggjast við höfuðstólinn uns deildin tekur aftur til starfa og útborgun vaxta hefst á ný samkvæmt 2. gr.

REGLUGJÖRÐ

um

sölu áfengis til lækninga.

59
1. júlí

Reglugjörð þessi er með ráði landlæknis sett samkvæmt lögum 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi, og lögum 8. júní 1925, um aðflutningsbann á áfengi.

1. gr.

1. Um innflutning lyfja, sem áfengi er í, fer eftir 1. gr. nefndra laga um einkasölu á áfengi.
2. Rjett er, að læknar, sem lyfsölurjett hafa, afli sjer allra löggiltra áfengislyfja frá áfengisverslun ríkisins eða einhverri lyfjabúð hjer á landi, og sendi þá jafnan skriflega, sundurliðaða kaupbeiðni. En seljandi skal geyma allar slíkar kaupbeiðnir.
3. Þá er smáskamtalæknum heimilt að kaupa áfeng smáskamtalyf og vínanda í lyfjabýrningar sínar í lyfjabúðum. En þeir skulu þá eins og hjeraðslæknar jafnan senda skriflega, sundurliðaða kaupbeiðni, og fylgi hverri slíkri kaupbeiðni meðmæli frá hlutaðeigandi lögreglustjóra og sóknarpresti. Má vínandaskamturinn samtals ekki fara fram úr 3 lítrum á ári, nema landlæknir gefi leyfi til þess. Þessar kaupbeiðnir skal seljandi geyma, sbr. 2. lið þessarar greinar.

2. gr.

Lyfsölum og læknum er ekki heimilt að selja ómengað áfengi (spiritus), hvorki óblandað nje blandað öðrum efnnum, til neins annars en lækninga, sjúk-